

**67. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
fimmtudaginn 14. ágúst 2025, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Umsókn um heimlögn, kalt vatn, Höfði I og Höfði II - 2508001

Umsókn um heimlögn vatnsveitu að Höfða I og Höfða II.

Sviðsstjóra er falið að ræða við landeigendur á svæðinu um vatnslögn.

2. Virkjun borholu í Reykholti RH 07 - 2501063

Samningur við Lotu ehf um hönnun vegna virkjunar borholu í Reykholti.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir hönnunarvinnu vegna virkjunar borholu. Samningurinn var lagður fram.

3. Aðkoma að grafreit við Laugarvatn - 2505016

Tilboð vegna lagningar akfærs stígs að grafreit við Laugarvatn. Áður vísað til sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs á 385. fundi sveitarstjórnar.

Tilboðið var lagt fram. Sviðsstjóri gerði grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum.

4. Gatnagerð við Fljótsholt - 2410025

Drög að samningi um framkvæmdir við Fljótsholt.

Drög að samningi um gatnagerð við Fljótsholt voru lögð fram.

5. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2025 - 2508002

Niðurstöður úr sýnatöku í Laugarvatni.

Niðurstöður úr sýnatökum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands voru lagðar fram.

6. Svæði fyrir seyrulosun í landi jarðarinnar Hóla - 2503036

Niðurstöður áhrifamats ÍSOR vegna seyrudreifingar.

Áhrifamatið var lagt fram.

7. Hreinsistöð fráveitu Laugarvatni - 2502028

Samantekt Eflu hf vegna fráveitu á Laugarvatni.

Gögnin voru lögð fram. Þau hafa verið send Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

8. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

8. verkfundur haldinn 29.07.2025

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

9. Endurnýjun fráveitu á Laugarvatni 4. áfangi - 2412005

Fundargerð 2. verkfundar frá 29.07.2025

Fundargerð verkfundar var lögð fram.

10. Forgangsröðun í gatna og göngustígagerð 2025-2027 - 2412008

Yfirferð yfir framkvæmdir í gatna- og stígagerð 2025.

Yfirlitið var lagt fram. Vel miðar með framkvæmdir ársins.

11. Viðbygging við leikskólann Álfaborg - 2505018

Staða verkframkvæmda við leikskólann Álfaborg

Sviðsstjóri fór yfir stöðu verksins.

12. Kalt vatn fyrir baðlón í Laugarási - 2401071

Kalt vatn fyrir baðlón í Laugarási

Erindi Hjalta Gylfasonar varðandi vatnsöflun var lagt fram.

13. Aðkoma að Aratungu, plan við mötuneyti - 2305017

Tilboð í malbik á plan við Aratungu

Tilboðið var lagt fram.

Fundi slitið kl. 10:40.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson